

365. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 9. janúar 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Daníel Jakobsson.

Forföll: Elsa Nielsen.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSÍ. Lífshlaupið hefst í janúar og stendur yfir í þrjá vikur. Framkvæmdir halda áfram á skrifstofurými ÍSÍ. Undirbúningur fyrir EYOWF gengur vel og styttist í að endanleg tillaga um þátttakendur liggi fyrir.

2. Íþróttamaður ársins 2024

Viðburðurinn fór fram í Hörpu 4. janúar sl. í samstarfi við Samtökum íþróttafréttamanna og tókst vel. Rætt um fyrirkomulag og framkvæmd viðburðarins.

Hófið vegna viðurkenninga ársins 2025 hefur verið dagsett laugardaginn 3. janúar 2026. Stefnt er að því að hafa sama fyrirkomulag og í ár en vinna með tvö rými í húsinu.

Umræður urðu einnig um kjör Íþróttamanns ársins, sem er alfarið í höndum Samtaka íþróttafréttamanna. Samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúum Samtaka íþróttafréttamanna á næstu vikum um framtíð viðburðarins og fyrirkomulag kjörs Íþróttamanns ársins.

3. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri skýrði frá ýmsum verkefnum sem unnið er að í aðdraganda Íþróttapings ÍSÍ.

a. Úthlutun fjármuna 2025

Umtalsverðar breytingar urðu á úthlutun lottófjár á síðasta ári. Fjármálaráð er að fara yfir áhrif þeirra breytinga. Verið er að greina og skoða skerðingar til minni íþróttahéraða vegna breytinga á útreikningi lottóútgreiðslna.

Framkvæmdastjóri sýndi samanburð frá fyrra fyrirkomulagi á úthlutun til íþróttahéraða, til skýringar.

Fjármálaráði falið að skoða málið nánar.

b. Bréf SÍL varðandi skerðingar á fjárframlögum til sambandsins

Tekið fyrir bréf frá Siglingasambandi Íslands þar sem farið var yfir skerðingar sem orðið hafa á fjárframlögum til sambandsins. Bréfið var einnig sent beint til stjórnarfólks í

desember. Í bréfinu er óskað eftir skýringum á skerðingunum. Fjármálaráði falið að skoða málið á milli funda.

c. Erindi skattsins til íþróttafélaga

Fjármálaráð fundaði nýlega þar sem ýmislegt var rætt, svo sem nýr skattabæklingur. Nýlega sendi Skatturinn bréf til hluta af íþrótt- og ungmennafélaga í landinu, þar sem skerpt var á áherslum. Skrifstofa ÍSÍ mun senda upplýsingar til allra íþrótt- og ungmennafélaga varðandi þessi mál til að tryggja að allir hafi sömu upplýsingar um stöðuna.

Úlfur H. Hróbjartsson ítrekaði nauðsyn góðs upplýsingaflæðis og að allar fyrirliggjandi upplýsingar fylgi með í útsendingum frá ÍSÍ til skýringar, ekki síst þegar um skiptingu fjármuna er að ræða.

4. Afreksíþróttir

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála.

a. Skipting viðbótarfjármagns vegna 2025

Ýmsir fundir hafa verið haldnir varðandi úthlutun viðbótarfjármagns til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs, alls 637 milljónir króna, sem samþykkt var á Fjárlögum Alþingis seint á síðasta ári. Vinnan hefur verið leidd af Vésteini Hafsteinsyni afreksstjóra ÍSÍ ásamt starfsfólki Afrekssviðs, starfsmanni Afrekssjóðs ÍSÍ og framkvæmdastjóra. Hluti þeirra sem sátu í starfshópi mennta- og barnamálaráðuneytis um afreksíþróttir hefur einnig komið að málinu með sérþekkingu út frá þeim tillögum sem komu fram í skýrslu hópsins sem gefin var út í apríl 2024.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að skiptingu viðbótarframlagsins á milli áherslupátta í samræmi við skýrslu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytis. Um er að ræða fjóra áherslupætti, þ.e. stuðning við sérsambönd vegna landsliðs- og afreksstarfs, framfærslukostnað afreksfólks og þjálfara, kostnaðarþátttöku forráðamanna í landsliðsstarfi og Afreksmiðstöð Íslands. Samþykkt að leggja 260 milljónir króna í stuðning við sérsambönd, út frá forsendum sem byggja á umfangi afreksstarfs síðustu ára ásamt áætlunum ársins um landsliðsstarf og þátttöku í afreksverkefnum.

Endanleg tillaga um fjárskiptingu verður lögð fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Miklar umræður um málið og skiptingu fjármagnsins. Stefnt er að því að ráðstafa sem fyrst viðbótar fjármagni til afrekssérsambanda til að þau nái viðspyrnu og innspýtingu í afreksstarf sitt.

b. Innleiðing á nýju umhverfi afreksíþróttar

Gert ráð fyrir að fjármunir af viðbótarfjármagni fari í að hefja uppbyggingu á nýju umhverfi afreksíþróttar og er unnið að tillögum þar að lútandi.

5. Stjórnvöld

Forseti ræddi nýja ríkisstjórn Íslands og ráðherraskipan. Miklar breytingar hafa orðið og nýjir ráðherrar hafa tekið við í þeim ráðuneytum er koma að starfi íþróttahreyfingarinnar. Óskað verður eftir fundum með viðkomandi ráðherrum sem allra fyrst.

6. Skráningarmál íþróttahreyfingarinnar

Framkvæmdastjóri ræddi fjölmiðlaumræðu varðandi skráningu iðkenda í íþróttafélagum innan Héraðssambands Vestfirðinga (HSV).

Unnið er að úrlausn mála með HSV og svæðisfulltrúum á svæðinu.

7. Umsókn UMSS um endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti með rafrænum hætti í gegnum tölvupóst að veita Ungmennasambandi Skagafjarðar endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og var viðurkenningin afhent á uppskeruhátíð UMSS og Skagafjarðar þann 19. desember sl. Viðar Sigurjónsson sérfræðingur á Stjórnsýslusviði ÍSÍ afhenti viðurkenninguna. Samþykkt þessi er hér með bókuð með formlegum hætti í fundargerð.

8. Ársþing EOC og framboð til stjórnar

Forseti ræddi ársþing EOC og framboð til stjórnar EOC. ÍSÍ sendi inn framboð Líneyjar Rutar Halldórsdóttur í stjórn samtakanna. Líney Rut hefur setið í stjórn EOC tvö tímabil eða samtals átta ár og getur, samkvæmt lögum EOC setið eitt fjögurra ára tímabil í viðbót, ef hún nær kjöri. Nítján einstaklingar eru í framboði í tólf sæti í stjórn EOC. Stefnt er að því að senda út upplýsingabréf til allra Ólympíunefnda innan EOC í aðdraganda Vetrarólympíuhátíðar Evrópuæskunnar en þar verður Líney Rut í stóru hlutverki sem formaður EOC EYOF Commission, sem er skipulagsnefnd EOC yfir bæði vetrar- og sumarhátíðum Evrópuæskunnar.

9. Staða íþróttafólks frá Belarús á Ólympíuhátíðum Evrópuæskunnar 2025

Lögð fram fréttatilkynning frá Evrópusambandi Ólympíunefnda (EOC) þar sem tilkynnt er um að EOC veiti rými fyrir ungt afreksíþróttafólk frá Belarús fái þátttökurétt á Vetrar- og Sumarólympíuhátíðum Evrópuæskunnar (EYOWF og EYOF) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

10. Íþróttaping ÍSÍ 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning Íþróttapings sem fram fer dagana 16. og 17. maí nk. Farið var yfir fjölda þingfulltrúa og skipulag en samkvæmt breytingu sem gerð var á lögum ÍSÍ á síðasta þingi þá hefur þingfulltrúum fækkað töluvert frá síðasta þingi. Rætt um tillögugerð og áherslur fyrir þingið. Tillögur að lagabreytingum, sem unnið er að á Stjórnsýslusviði, verða til umfjöllunar í framkvæmdastjórn í febrúarmánuði.

11. Heiðranir

Framkvæmdastjórn samþykkti með rafrænum hætti að sæma þau þrjú sem tilnefnd voru til Íþróttaeldhuga ársins 2024, Björgu Elínu Guðmundsdóttur, Knattspyrnufélaginu Val (handknattleikur), Hauk Guðberg Einarsson, Umf. Grindavíkur (knattspyrna) og Ingiberg Þór Jónasson, Umf. Grindavíkur (körfuknattleikur) Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttar. Gullmerkinn voru afhent á hófi Íþróttamanns ársins. Heiðursviðurkenningarnar eru hér með bókaðar formlega í fundargerð.

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerð var lögð fram:

- a. 364. fundar framkvæmdastjórnar

Fundargerðin var samþykkt með breytingu á 4. tölulið dagskrár.

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem fram undan eru.

14. Næstu fundir

Kynningarfundur starfsfólks svæðisstöðva íþróttahéraða með stjórnnum ÍSÍ og UMFÍ verður haldinn fimmtudaginn 23. janúar nk. í Laugardalnum.

Næstu fundir stjórnar verða fimmtudaginn 30. janúar, mánudaginn 17. febrúar og fimmtudaginn 6. mars nk.

15. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari